

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur
um mælingu á gagnamagni í internetþjónustu.

1. *Hvernig eru mælingar á gagnamagni í fjarskiptaþjónustu og hraða á nettengingum gerðar? Hvaða mælitæki eru notuð og eru þau viðurkennd og vottuð?*

Mælingar á gagnamagni í fjarskiptaþjónustu eru gerðar hjá hverjum internetþjónustuaðila fyrir sig í sérstökum búnaði, þ.e. netskipti- og hugbúnaði sem honum fylgir. Hver þjónustuaðili greinir uppruna hvers gagnapakka og flokkar í mæld eða ómæld gögn og leggur saman gagnamagn hvers pakka sem síðan er gjaldfært fyrir samkvæmt gjaldskrá.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er úttekt á mælingum á gagnamagni tæknilega flókin. Kemur það m. a. til af því að ekki hafa verið gefnir út viðurkenndir staðlar eða settar reglur um tæknilegar kröfur hér á landi til mælinga á notkun fjarskiptaþjónustu, hvort sem um er að ræða gagnaflutningsþjónustu eða annars konar fjarskiptaumferð. Er því ekki unnt að lög-gilda eða votta slík mælitæki samkvæmt sérstökum stöðlum eða reglum að óbreyttu lagaumhverfi.

Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. reglna nr. 345/2005 um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu sem settar eru á grundvelli laga um fjarskipti, nr. 81/2003, getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að reikningagerð sé gæðavottuð og mælitæki löggilt. Sjá má fyrir sér að útfæra megi þetta betur í lögum í takt við tækniþróun og aukna neytenda-vernd.

Um mælingar á hraða gagnaflutningsþjónustu gilda reglur í evrópska fjarskiptaregluverkinu frá 2009 og er þar að finna heimildir til eftirlitsstjórnvalda um að setja reglur og kröfur um lágmarksgæði IP-fjarskiptaþjónustu. Þetta regluverk hefur enn þá ekki verið innleitt hér á landi og skortir Póst- og fjarskiptastofnun því viðhlítandi valdheimildir til að setja bindandi reglur um hvernig hraði gagnaflutningsþjónustu skuli mældur. Reglur um gæði IP-fjarskiptaþjónustu verður að skoða í tengslum við meginregluna um nethlutleysi (e. net neutrality) sem felur í sér að allt efni og þjónusta á internetinu eigi að vera almenningi aðgengileg án tæknilegra takmarkana og að uppfylltum lágmarksgæðum. Hefur áhersla á mikilvægi þessarar meginreglu farið vaxandi við framkvæmd evrópska fjarskiptaregluverksins síðastliðin ár. Í þessu tilliti vinnur evrópska fjarskiptaeftirlitsstofnunin BEREC að gerð viðmiðunarreglna um mæliaðferðir og lágmarksgæði IP-fjarskiptaþjónustu, m. a. í tengslum við meginregluna um nethlutleysi, en hún er sömuleiðis hluti af því Evrópuregluverki sem enn á eftir að innleiða hér á landi.

2. *Telur ráðherra að mælingar á gagnamagni og hraða eigi að falla undir lög nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, og hefur það komið til skoðunar í ráðuneytinu?*

Gjaldmælingar vegna notkunar fjarskiptaþjónustu falla undir lög um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, enda gilda þau almennt um búnað og mælingar sem lagðar eru til grundvallar við gjaldfærslu í viðskiptum. Gjaldmæling á fjarskiptaþjónustu er

ekki undanþegin lögnum. Sem fyrr segir er um flóknar og sértækar mæliaðferðir að ræða sem hvorki hafa verið útfærðar í stöðlum né reglum sem hægt er að byggja slíkt eftirlit á. Því gæti verið æskilegt að skerpa á lagastoð til að setja slíkar kröfur á sviði fjarskipta. Engu síður taka þessi tilteknu lög til þessara mælinga og gilda um þær þó betra væri að útfærslan í stöðlum og reglum væri nákvæmari. Ráðherra telur það koma til greina að skerpa á þessum lögum, líkt og áður hefur komið fram.